

**Eiríkur Sigurbjörnsson**, sjónvarpsstjóri **Ómega**, tók viðtal við unga konu á sunnudaginn þar sem hún hélt því fram að djöfullinn hefði ítrekað nauðgað sér. Á sama tíma stóð yfir fjársöfnun fyrir sjónvarpsstöðina. **Geðhjálp** segir sjónvarpsstöðina misnota einstaklinga sem eigi við geðræn vandamál að stríða.

# Geðsýki höfð að fépúfu í sjónvarpi

Kona á þrítugsaldri var tekin í viðtal á sjónvarpsstöðinni Ómega á sunnudaginn þar sem hún lýsti því yfir að djöfullinn hefði margsinnis nauðgað sér frá því hún var 12 ára gömul. Hún sagði það algengt að þegar hún sæti heima hjá sér kæmu djöflar að máli við sig. Sjónvarpsstöðin stendur nú fyrir fésöfnun og var gert hlé á viðtalinu til að gefa upplýsingar um hvernig bjarga mætti stöðinni frá „djöflinum“, sem Eiríkur Sigurbjörnsson sjónvarpsstjóri sagði við blaðamann DV að væri að verki í rukkunum símfyrirtækja og Orkuveitu Reykjavíkur.

„Sjónvarpsstjóranum þótti það merkilegt þegar hún sagði djöfulinn hafa nauðgað sér,“ segir Sigurður Hólm Gunnarsson, ritstjóri Skoðunar.is, sem skrifaði harðorða grein á vef sinn vegna viðtalsins, þar sem hann gagnrýndi sjónvarpsstöðina fyrir að hafa að fépúfu varnarleysi fólks sem á við geðræn vandamál að stríða. „Hann spurði hana betur um hvernig

**„Sjónvarpsstjóranum þótti það merkilegt þegar hún sagði djöfulinn hafa nauðgað sér.“**

þetta gerðist, hvort þetta hefði verið eitthvað huglægt. Hún lýsti því enn frekar að þetta hefði verið alvöru líkamleg árás. Hann var að yta undir ranghugmyndirnar og sagði svo að Jesú hefði komið og bjargað henni,“ segir Sigurður. „Annað hvort er manneskjan geðklofi eða hún varð í raun og veru fyrir kynferðislegri misnotkun þegar hún var barn. Mér fannst bara ljótt af þeim að nýta sér þetta.“

Sigursteinn Mátsson formaður Geðhjálp segir það mikilvægt að aðstandendur fólks með geðraskanir, sem sé í heljargreipum trúfélaga, veki það til umhugsunar. „Vandamálið varðandi þessa trúarsöfnuði er að oft hafa þeir náð heljartökum á einstaklingum með geðraskanir. Fólk hefur þá ekki dómgreind til að átta sig á því hvað er því fyrir bestu og heidur þess vegna tryggð við sína kúgara. Þetta fólk er miklu verr sett en áður. Þeirra rang-

hugmyndir margfaldast jafnvel og að því leytnu til eru þetta glæpir gagnvart fólkinu.“

Fjöldi mála Geðhjálp á hendur trúfélögum hefur verið í rannsókn lögreglunnar frá því í fyrra. Þar eru trúfélög, sambærileg við Ómega, sökuð um að ganga á eftir fólki með geðraskanir með því að biðja það að láta fé af hendi rakna til trúfélaganna. Oft hefur fólkið litil fjárráð en lætur það litla sem það á fara til trúfélaganna.

Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálp segir að tími sé til kominn að benda á misnotkun trúfélaga á bágingdum geðsjúkra einstaklinga. Hins vegar sé lítið hægt að gera nema með fulltingi þeirra sem málið varðar. „Par sem viðkomandi kona óskar ekki eftir því að við gerum eitthvað í málinu getum við ekkert gert,“ segir hann.

Tæpar þrjár milljónir króna hafa

safnast hjá Ómega að því er kemur fram á sjónvarpsstöðinni. Þeir sem gefa fimm þúsund krónur fá að launum lykklakippu. Fyrir hærri upphæðir hljóta gefendur gullhúðað seglskip eða stytta af fugli. Sími sjónvarpsstöðvarinnar og trúfélagsins Ómega er lokaður og því náðist ekki í Eirík Sigurbjörnsson vegna viðtals hans.

jantrausti@dv.is  
ovj@dv.is

**Eiríkur Sigurbjörnsson** Sjónvarpsstjóri Ómega segir djöfulinn vilja loka sjónvarpsstöðinni. Hann tók viðtal við konu sem sagði djöfulinn hafa nauðgað sér ítrekað. Á sama tíma stóð yfir fjársöfnun fyrir stöðina.



**Sigursteinn Mátsson** Fjöldi kæra frá Geðhjálp á hendur trúfélögum er í rannsókn lögreglu um þessar mundir. Ekki er gefið upp hvort Ómega sé þar á meðal. Formaður Geðhjálp segir trúfélög geta náð heljartökum á fólk með geðraskanir og margfaldað ranghugmyndir þess.